

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 22 24. apríl 1965.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

1. gr.

II. liður í 10. gr. laganna orðist svo:

Framræsla vegna tún-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgröftur):

- a. Skurðir vélgrafnir, 70% kostnaðar við gröft skurðanna. Ákvæðisvinna skal viðhöfð við skurðgröft þar, sem því verður við komið. Ríkisframlag skal miða við ákvæðisvinnutaxta hvers ræktunarsvæðis sé hann fyrir hendi. Annars úrskurðar Búnaðarfélag Íslands reikninga.

Héraðsráðunautar skulu leita eftir óskum bænda um framræsluframkvæmdir og fyrir 1. maí, í fyrsta sinn 1968, senda stjórn Búnaðarfélags Íslands sundurliðaðar pantanir og áætlanir, hver fyrir sitt starfssvæði, um þá framræslu, sem þeir telja æskilega á hverri jörð næstu fimm árin. Búnaðarfélag Íslands gerir síðan heildaráætlun til næstu fimm ára um, hversu mikið skuli grafa á hverju ræktunarsvæði. Þá skulu héraðsráðunautar árlega, fyrir 1. maí, senda Búnaðarfélagi Íslands endurskoðaðar áætlanir fyrir næsta ár. Búnaðarfélag Íslands lætur síðan framkvæma nauðsynlegar mælingar og annan undirbúning, sem þarf til að bjóða verkið út. Jarðræktarráðunautar þess hafa umsjón með þessum áætlunum og skera úr um vafaatriði.

Þegar endurskoðaðar áætlanir hvers árs liggja fyrir, samþykktar af stjórn Búnaðarfélags Íslands, skulu framræsluframkvæmdir á hverju ræktunarsvæði boðnar út. Skulu útboð fara fram fyrir 15. marz hvert ár. Búnaðarfélag Íslands gerir útboðin fyrir hönd þeirra samtaka, sem sjá um skurðgröft fyrir bændur á hverju ræktunarsvæði, sbr. 20. gr. 2. málsgr., og ákveður ásamt fulltrúa viðkomandi ræktunarsvæðis, hvaða tilboðum skuli tekið og hvaða tryggingar verktakar skuli setja.

Ræktunarsambönd og Vélasjóður geta jafnt og aðrir aðilar boðið í skurðgröft, hvar sem er á landinu. Ræktunarsambönd hafa rétt til að ganga inn í lægsta tilboð, hvert á sínu ræktunarsvæði.

Berist engin tilboð eða óaðgengileg í skurðgröft á einhverju ræktunarsvæði, felur stjórn Búnaðarfélags Íslands vélanefnd eða öðrum að láta grafa þar. Jarðræktarráðunautar Búnaðarfélags Íslands hafa eftirlit með framkvæmdum við skurðgröft.

Bændur, sem láta aðra en samþykktu verktaka grafa á jörðum sínum, fá aðeins hálf framlag á skurðina. Ákvæði þetta gildir þó ekki um framræsluframkvæmdir, sem unnar eru á árinu 1968.

Á ræktunarsvæðum, þar sem kostnaður við skurðgröft vegna óhagstæðrar aðstöðu er meira en 25% hærri en meðalkostnaður á landinu, en telst þó nauðsynleg framkvæmd, er landbúnaðarráðherra heimilt eftir tillögu Búnaðarfélags Íslands að hækka ríkisframlagið svo, að hlutur bóndans verði eigi hærri en meðalkostnaður.

- b. Plógræsi skulu boðin út á sama hátt og vélgrafnir skurðir, og skal framlag á þau vera 75% af kostnaði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.